

Stefnumótun

Landvarðafélag Íslands 2017-2022



1. Inngangur	3
2. Landvarðafélag Íslands	4
Meginmarkmið félagsins	4
Hlutverk landvarða	4
Lagaleg umgjörð	4
3. Framtíðarsýn Landvarðafélags Íslands	5
Gildi	6
Niðurstöður félagskönnunar	6
Forgangsröðun	6
SVÓT	6
Markmið	14
Mælikvarðar	14
4. Eftirfylgni og ábyrgðaraðilar	14

1. Inngangur

Stjórn Landvarðafélags Íslands hóf stefnumótunarvinnu á seinni hluta ársins 2016 til að setja saman framtíðarsýn fyrir störf félagsins næstu ár. Ástæða þess að ráðist var í þessa vinnu var fyrst og fremst sú að auðvelda störf stjórnar með því að hafa skýra sýn og auðvelda forgangsröðun verkefna. Einnig var þörf á að ráðast í þessa vinnu út af þeim hröðu breytingum sem hafa orðið í umhverfi félagsins síðastliðin ár vegna gífurlegrar aukningar á fjölda ferðamanna sem koma til landsins og þeirrar uppbyggingar innviða sem setur aukið álag á náttúru og landverði. Núverandi aðstæður krefjast þekkingar á náttúruverndarmálum og fjölgunar landvarða yfir sumarið og í heilsársstörf til að tryggja að nýting náttúrunnar sé sjálfbær.

Hvers vegna að fara í stefnumótun ?

- Mikilvægt upplýsingagildi fyrir kynningu félagsins út á við
- Gagnlegt til að byggja upp ímynd þess
- Hjálpar stjórn og félagsmönnum að vinna saman
- Hjálpar stjórn að forgangsráða verkefnum
- Vegna mikilla breytinga í umhverfi félagsins

Hvernig virkar stefnumótun ?

- Sett saman úr hlutverki félagsins og verkefnum sem blasa við
- Gildir í 5 ár og er þá endurskoðuð
- Borin upp á aðalfundi og samþykkt af félagsmönnum

Stefnumótunarvinnan hófst með undirbúningi stjórnar þar sem næstu skref voru meðal annars að senda út könnun á félagsmenn til að reyna meta núverandi stöðu félagsins. Stjórn félagsins vann svo úr gögnunum og hélt langan og góðan vinnudag í Borgarfirðinum til að framkvæma SVÓT greiningu fyrir félagið og leggja svo línurnar fyrir framtíðarsýn þess. Sú vinna var byggð á lagalegum grunni og skilgreindum markmiðum félagsins sem sjá má í öðrum kafla. Þriðji kafla skýrslunnar er afrakstur stefnumótunarvinnunnar og geymir t.d. markmið og mælikvarða. Í fjórða kafla eru svo reglur um eftirfylgni stefnunnar.

2. Landvarðafélag Íslands

Meginmarkmið félagsins

- Kjara og hagsmunamál landvarða
- Að marka stefnu landvarða í náttúruverndarmálum
- Að kynna stefnu þess og starf landvarða út á við
- Að stuðla að fræðslu og símenntun landvarða
- Skemmtanir
- Alþjóðastarf

Hlutverk landvarða

- að gæta þess að ákvæði friðlýsingar og náttúruverndarlaga séu virt á hverju svæði fyrir sig.
- að taka á móti gestum og veita þeim nauðsynlegar upplýsingar og kynna þeim umgengnisvenjur og reglur hvers svæðis.
- að fræða fólk um gönguleiðir, náttúrufar, staðhætti og sögu.
- að sjá um að halda svæðum hreinum, þ.e. tjaldsvæðum, göngustígum og bílaplönnum, sem og klósettum og kömrum; náttúruvættum og náttúru þess svæðis sem þeir vinna á.
- að merkja göngustíga, leggja nýja og halda þeim við.

- að vera til aðstoðar þeim sem á svæðunum dvelja.
- að hafa eftirlit með umferð og umgengni ferðamanna.
- að vera til taks þegar slys ber að höndum, veita fyrstu hjálp og kalla á lækni, lögreglu eða björgunarsveitir ef ástæða er til.
- að stjórnna fyrstu aðgerð við leit ef einhver týnist á svæðinu, kalla til lögreglu og björgunarsveitir og aðstoða þær ef með þarf.

Lagaleg umgjörð

Reglugerð um landverði.

1. Gr

Landverðir kallast þeir sem starfa í þjóðgörðum og á öðrum friðlýstum svæðum í umsjá Náttúruverndarráðs. Rétt til starfa sem landvörður hefur sá sem lokið hefur námskeiði í náttúruvernd á vegum Náttúruverndarráðs eða hefur fengið aðra þá menntun sem Náttúruverndarráð metur gilda.

2. Gr.

Hlutverk landvarða er að gæta þess að ákvæði friðlýsingar og náttúruverndarlaga séu virt, að koma á framfæri upplýsingum og fræða ferðafólk um náttúru og sögu svæðanna og sjá um daglegan rekstur og viðhald.

3. gr.

Náttúruverndarráð stendur fyrir námskeiðum í náttúruvernd, þar sem megináhersla er lögð á eftirfarandi þætti:

- a) Ísland - náttúrufar og þjóðlíf.
- b) Náttúruvernd.
- c) Umhverfisréttur.
- d) Landvarsla - dagleg störf.
- e) Umhverfisfræðsla - umhverfistúlkun.

Námskeið þessi skulu auglýst og eru opin þeim sem orðnir eru 20 ára og hyggja á vinnu við landvörslu.

4. gr.

Náttúruverndarráð skal ef þurfa þykir halda endurmenntunarnámskeið fyrir starfandi landverði.

5. gr.

Náttúruverndarráð greiðir kostnað við nám, þjálfun og endurmenntun landvarða að svo miklu leyti sem þátttökugjöld hrökkva ekki til og fjárveitingar leyfa.

6. gr.

Nánar er kveðið á um störf og skyldur landvarða í erindisbréfi.

7. gr.

Reglugerð þessi er byggð á 7. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971, sbr. lög nr. 29/1989, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 26. janúar 1990.

3. Framtíðarsýn Landvarðafélags Íslands

Gildi

Við komum til með að velja þrjú gildi fyrir Landvarðafélagið á aðalfundi.

Niðurstöður könnunar til félaga

Félagsmenn vilja sjá frekari áherslu á kjara- og hagsmunamál náttúruverndarmál, fræðslu til félagsmanna og kynningu á starfinu meðal almennings. Mest ánægja var með störf félagsins í alþjóðamálum og skemmtunum.

Forgangsröðun málaflokka:

1. Beiti sér í náttúruverndarmálum
2. kjara- og hagsmunamál landvarða
3. Beiti sér í ferðafljónustumálum
4. Fræðsla fyrir félagsmenn
5. Fræðsla fyrir almenning um landvörslu
6. Samvinna með öðrum félagasamtökum
7. Alfljóðasamstarf
8. Skemmtanir

Ánægja með núverandi störf, efst er mest ánægja:

1. Alþjóðastarf
2. Skemmtanir
3. Að svara erindum sem beint er til félagsins og vinna greinargerðir um náttúruverndarmál
4. Beiti sér í náttúruverndarmálum
5. Kjara- og hagsmunamál
6. Fræðsla fyrir almenning um landvörslu

7. Fræðsla fyrir félagsmenn

SVÓT

Áhersluatriði úr svót greiningu:

Styrkleikar: Virk stjórn, tengslanet og fjölbreyttir félagsmenn.

Veikleikar: Óvirkir félagsmenn, einkenni starfsins og tengsl við almenning.

Tækifæri: Þekkingarauður félagsmanna, sóknarfæri í boði og aukin áhugi almennings á náttúru og útivist.

Ógnir: Kjaramál, vanþekking og áhugaleysi almennings og óstöðugt pólitískt umhverfi.

Markmið

Að leggja mikla áherslu á að kjaramál séu til fyrirmyndar og fjöldi landvarðastarfa í takt við þörf

- Að kynna félagsmönnum leiðir til að leitar réttar síns á heimasíðu og leggja áherslu á að félagsmenn sækji sér aðstoð og upplýsingar fyrir en seinna
- Setja þrýsting á ráðuneytin að bæta kjör og fjölda landvarða til að koma í veg fyrir frekari skemmdir á náttúru landsins
- Að þrýsta á að ráðningarferli séu gagnsæ og til fyrirmyndar
- Að stofnanasamningar séu endurnýjaðir tímanlega

Þrýsta á viðeigandi aðila til að styrkja innviði landvarðastarfsins

- Ýta á að fleiri heilsársstörf verði að veruleika og að kjör landvarða verði betri með áherslu á aðbúnað, frítíma og laun
- Passa upp á ólíkar áherslur svæða í starfi landvarða og að tekið sé tillit til þeirra
- Ýta á að endurmenntun landvarða sé sinnt

Að nýta aukna vitund um náttúruvernd og bregðast við aukinni þörf fyrir landverði vegna fjölgunar ferðamanna og hnignunar náttúru vegna þeirra

- Að vernda starfsheiti og fjölbreytt hlutverk landvarða
- Að fjöldi heilsársstarfa verði að veruleika og að fagmennska í greininni vaxi með því

- Að tala fyrir náttúruvernd og sjálfbærni í ferðaþjónustu
- Að ýta á eftir yfirvöldum að standa við loforð um aukna landvörslu

Viðhalda öflugri stjórn

- Að stjórn sjái til þess að stjórnarmeðlimir og nefndir fái sýnt þakklæti fyrir vel unnin störf og beri ekki kostnað af starfssemi félagsins
- Að stjórn tileinki sér heiðarleg og jákvæð samskipti
- Að fyrir stjórn liggi skýr stefna

Sjá til þess að tengslanet vaxi og nýtist

- Að stefna að því að eiga tengiliði innan helstu stofnana og halda sambandi við þá þrátt fyrir endurnýjun í stjórn
- Að nýta og skoða tengslanet reglulega

Að gera okkur grein fyrir fjölbreytileika og sameiginlegum einkennum félagsmanna

- Að halda áfram virku kynningarstarfi á félaginu t.d. á námskeiði Umhverfisstofnunar og nýta aðra miðla
- Að viðhalda stemmningu og gleði meðal félagsmanna sem smitar út frá sér
- Að kynningarstarf höfði til breiðs hóps félagsmanna

Að virkja félagsmenn í starfinu

- Að bjóða upp á fjölbreytta viðburði og fræðslu á réttum tíma sem höfðar til áhugamála og sameiginlegra einkenna félagsmanna
- Að sýna félagsmönnum kosti þess að vera í félaginu
- Að vera virk á ýmsum miðlum og að ímynd félagsins sé góð
- Að finna leiðir til að miðla verkefnum og starfi stjórnarinnar til félaga

Að nýta miðla, kynningarefni og staði til að auka sýnileika og vekja áhuga á landvörslu

- Að útfæra kynningarefni sem getur ferðast á milli staða eða hangið víða
- Að leggja vinnu í ímyndarsköpun sem gefur heildstætt og eftirminnilegt útlit
- Að stjórn vinni að því að finna tengil við helstu fjölmiðla sem hægt er að leita til

- Skoða skapandi leiðir til að ná til fólks og koma boðskapnum á framfæri
- Nýta fjölbreytileika starfsins, sögu náttúruverndar og þekkingu landvarða í kynningar

Að nýta þekkingu félagsins og gagnrýna eða taka þátt í upplýstri umræðu um náttúruverndarmál og siðferði, innanlands og alþjóðlega

- Að finna farveg fyrir félagið og félaga til að taka þátt í upplýstri umræðu um náttúruverndarmál innanlands og alþjóðlega
- Vernda hlutverk landvarða í breyttu umhverfi með auknum fjölda ferðamanna
- Að vinna að því að náttúruvernd tengist ekki flokkapólitík

Nota þekkingarauð félagsmanna í kynningarstarf, fræðslu og endurmenntun

- Útbúa efni sem nýtist í kynningarstarf, fræðslu og endurmenntun
- Skoða skapandi leiðir til að ná til fólks og koma boðskapnum á framfæri

Ná til almennings í gegnum ólíka miðla með því að nýta aukin áhuga í samfélaginu á náttúruvernd og útivist

- Nýta útivistaráhuga landsmanna og opna samtal við hópa til að koma málefnum náttúruverndar í ferðalögum og göngum um landið á framfæri
- Upplýsa landsmenn unga sem aldna um mikilvægi landvarða í náttúruvernd innanlands og alþjóðlega
- Nýta samfélagsmiðla, ljósmyndir, myndlist og ólíka miðla t.d. á stöðum sem ferðafólk fer um eða grunnskólum til að kynna náttúruvernd og landvörslu.

Mælikvarðar

- Könnun til félagsmanna á 2-5 ára fresti
- Könnun um aðbúnað landvarða á 1-2 ára fresti
- Fjöldi landvarðavika á ári og fjöldi heilsárslandvarða
- Skráðir meðlimir í landvarðafélagið

4. Eftirfylgni og ábyrgðaraðilar

- Allir nýir stjórnarmeðlimir lesi skýrsluna við inngöngu í stjórn
- Eftir aðalfund er haldinn stjórnarfundur þar sem stjórn skiptir með sér verkum, skoðar mælitæki, setur sér ítarlegri markmið og verkefni út frá stefnunni til eins árs
- Stefnan sé endurskoðuð á 5 ára fresti